

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2013

2013/EES/61/07

frá 3. maí 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 897/2012 frá 1. október 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, amísúlbróm, sýasófamíð, díflúfeníkan, dímoxystróbín, metoxyfenosíð og níkótín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 899/2012 frá 21. september 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefat, alaklór, anilásín, asósýklótín, benfúrakarb, bútýlat, kaptafól, karbarýl, karbófúran, karbósúlfan, klórphenapýr, klórþaldímetyl, klórþíamíð, sýhexatín, díasínón, díklóbeníl, díkófól, dímetípín, dínikónasól, dísulftótón, fenitrópíón, flúfensín, fúrapíókarb, hexakónasól, laktófen, mepróníl, metamídófos, metópren, mónókrótófos, mónúrón, oxykarboxín, oxydemetónmetýl, parapíónmetýl, fórat, fosalón, prósymídón, prófenófos, própaklór, kinklórak, kvintósen, tólyflúaníð, tríklórfón, trídémorf og tríflúralín í eða á tilteknum afurðum og breytingu á þeirri reglugerð með samningu V. viðauka þar sem skráð verða staðalgildi ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 0897**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 897/2012 frá 1. október 2012 (Stjtið. ESB L 266, 2.10.2012, bls. 1),
- **32012 R 0899**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 899/2012 frá 21. september 2012 (Stjtið. ESB L 273, 6.10.2012, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 0897**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 897/2012 frá 1. október 2012 (Stjtið. ESB L 266, 2.10.2012, bls. 1),
- **32012 R 0899**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 899/2012 frá 21. september 2012 (Stjtið. ESB L 273, 6.10.2012, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 266, 2.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 273, 6.10.2012, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 897/2012 og (ESB) nr. 899/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.